




Vorfjarnám 2020

Þjálfaramenntun 1. og 2. stigs ÍSí

Vorfjarnám 1. og 2. stigs þjálfaramenntunar ÍSí hefst mánudaginn 3. feb. nk. og tekur það átta vikur á 1. stigi en fimm vikur á 2. stigi. Námið er almennur hluti menntakerfisins og gildir jafnt fyrir allar íþróttagreinar. Sérgreinapátt þjálfaramenntunarinnar sækja þjálfarar hjá viðkomandi sársambandi ÍSí hverju sinni.

Nám beggja stiga er allt í fjarnámi, engar staðbundnar lotur. Námið hefur verið afar vinsælt undanfarin ár og þátttakendur komið frá fjölda íþróttagreina. Námið veitir réttindi til íþróttþjálfunar og jafnframt rétt til áframhaldandi náms til frekari réttinda. Þáttökugjald á 1. stig er kr. 30.000.- og öll námskeiðsgögn eru innifalin í því verði. Þáttökugjald á 2. stig er kr. 28.000.- og öll námskeiðsgögn eru innifalin. Athugið að þeir nemendur/þjálfarar sem koma frá fyrirmyndarfélagum/-deildum ÍSí fá 20% afslátt af námskeiðsgjaldi.



Skráning er rafræn og þarf henni að vera lokið fyrir föstudaginn 31. jan. Rétt til þátttöku á 1. stigi hafa allir sem lokið hafa grunnskólaprófi. Til þátttöku á 2. stigi þarf að hafa lokið 1. stigi, hafa gilt skyndihjálparnámskeið og 6 mánaða starfsreynslu sem þjálfari.

Slóð á skráningu á bæði stig í vorfjarnámi þjálfaramenntunar ÍSí 2020:

<http://isi.is/fraedsla/thjalfaramenntun-isi/skraning-i-thjalfaramenntun/>

Allar nánari uppl. um fjarnámið og þjálfaramenntun ÍSí gefur Viðar Sigurjónsson í síma 460-1467 & 863-1399 eða á vidar@isi.is